

## SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA UM STARFSEMI SAM Á ÁRINU 2005

Starfsemi SAM á árinu 2005 var í föstum skorðum við hefðbundin viðfangsefni samtakanna. Á fyrrihluta árs var nokkur umfjöllun um réttarstöðu framleiðslunnar innan þess lagaramma sem greinin starfar eftir. Leitað var lögfræðiálits um ýmis grundvallaratriði sem snerta réttindi og skyldur mjólkurframleiðenda, innan sem utan hins opinbera greiðslumarkskerfis.

Eftir mitt ár fóru framleiðslu- og birgðastjórnunarmál mjólkur og mjólkurvara að verða æ meira í brennidepli. Ástæðan var samdráttur í mjólkurframleiðslu samhliða mjög jákvæðri þróun í solumálum mjólkurvara á landsvísu. Gripið var til aðgerða á árinu vegna birgðastjórnunar og einnig voru settar af stað aðgerðir til hvatningar í mjólkurframleiðslunni. Jákvæð viðbrögð hafa sést á undangengnum mánuðum en nauðsynlegt er að sú þróun haldist út vormánuði og allt fram á haustdaga. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa á undanförunum misserum fylgst með mjólkurframleiðslunni á vikugrunni og er það ótvírætt til hagræðis og leggur grunninn að markvissari aðgerðum til áhrifa á framleiðslumál mjólkur. Það er einungis spurning um tíma, hvenær upplýsingasöfnun sölutalna verður færð yfir á vikugrunn á sama hátt og framleiðsluupplýsingar mjólkur. Upplýsingakerfi fyrirtækjanna eru stöðugt að verða sveigjanlegri og öflugri verkfæri til stjórnunar.

Í desember kom út samnorræn skýrsla um verðlag matvæla í samanburði við meðaltalsverðlag ESB<sub>15</sub> landanna (*ESB<sub>15</sub> = fyrir síðustu stækkun í ESB<sub>25</sub>*). Mikil fjölmiðlaumræða varð um málið og var haldin ráðstefna á vegum Samtaka verslunar og þjónustu þar sem einungis var fjallað um þátt innlendra landbúnaðarvara í háu matvælaverði á Íslandi. Segja má að Samkeppnisyfirvöld hafi, með ályktunum sínum og kynningu málsins í fjölmiðlum, stuðlað að því í hvaða farveg umræðan fór, þar sem tollvernd landbúnaðarvara var dregin fram sem meginorsök hás matvælaverðs hér á landi. Athyglisvert er að við yfirllestur samnorrænu skýrslunnar er ekki að finna, hvorki efnislega umfjöllun né tölulegar forsendur, til að draga þær ályktanir sem Samkeppniseftirlitið lagði fram í fjölmiðlakynningu sinni. Af hálfu SAM hefur, allt frá fyrstu dögum eftir útgáfu skýrslunnar, verið lögð töluverð vinna í það að kynna þróun og stöðu mjólkuriðnaðar fyrir þingmönnum, landbúnaðarnefnd og opinberum aðilum. Einnig hafa fulltrúar mjólkuriðnaðarins farið á fund Matvælanefndar sem sett var á fót í kjölfar umfjöllunar um matvælaverð. Megináhersla hefur verið lögð á það að verja greinina fyrir einhliða umfjöllun um orsök og afleiðingu í þessum efnum, og verðstöðvunartímabilum á verði mjólkurvara til neytenda, undangenginn einn og hálfan áratug, hefur verið komið á framfæri við áðurnefnda aðila. Einnig hefur áhersla verið lögð á að mjólkuriðnaðurinn hefur staðið að miklum hagræðingaraðgerðum á þessum tíma. Jafnframt hefur verið bent á þá opinberu staðreynd að önnur matvæli, s.s. brauð og kornvörur sem framleiddar eru úr landbúnaðarhraefni sem flutt er inn í landið án tolla/tollverndar og bera ekki vörugjald, er um 67% dýrara á Íslandi en að meðaltali í ESB<sub>15</sub>. Í sömu gögnum, sem Hagstofa Íslands gefur út, kemur fram að vöruflokkurinn mjólk, ostar og egg er 46% dýrara en að meðaltali í ESB<sub>15</sub>. Matvæli almennt, án áfengra drykkja, er 47% dýrara hér á landi en í samanburðarlöndunum. Án efa verða þessi málefni í umfjöllun fjölmiðla og Alþingis á árinu 2006, og því mikilvægt fyrir mjólkuriðnaðinn og mjólkurframleiðendur að halda vöku sinni í þessum málum á komandi misserum.

Af sviði alþjóðasamninga (WTO) gerðist það markvert á árinu 2005 að haldinn var ráðherrafundur í Hong Kong þar sem m.a. samningar um viðskipti með landbúnaðarvörur var til umfjöllunar. WTO samningar snúast, auk landbúnaðar, um viðskipti með iðnaðarvörur og þjónustu milli landa. Mest var fjölmiðlaumræða um landbúnaðarmál enda eru þau mikilvæg hjá flest öllum þjóðum og þ.a.l. viðkvæm. Þar ver hver þjóð sína hagsmuni. Þeim hluta WTO viðræðna, sem snúa að landbúnaði, má skipta í 3 meginflokka. Fyrst ber að nefna

opinberan stuðning og stuðningsform við landbúnað, í öðru lagi tollvernd og aðgang að mörkuðum, og að lokum útflutningsbætur á landbúnaðarvörur. Útflutningsbætur voru lagðar af á Íslandi samhliða búvörusamningi sem gerður var og tók gildi 1992. Á fundinum náðist samkomulag um síðastnefnda þáttinn, þ.e. útflutningsbætur, á þann veg að þær skyldu aflagðar í síðasta lagi í lok árs 2013. Ljóst er, þó svo að samningar hafi ekki gengið lengra að þessu sinni, að frekari breytinga er að vænta á komandi árum. Þar má segja að meginhagsmunir Íslensks landbúnaðar felist í þeim hluta sem snýr að tollamálum og aðgangi að markaði.

Yfirlit helstu reglubundinna viðfangsefna samtaka afurðastöðva eru eftirfarandi:

1. Skýrsluhald um framleiðslu og ráðstöfun mjólkur.
2. Úrvinnsla- og birgðastjórnun - ráðstafanir vegna ostabirgða.
3. Innheimtur, fjárreiður og bókhald opinberra sjóða (Verðtilfærslusjóðir og Verðmiðlunarsjóður).
4. Tillögugerð um ráðstöfun flutningsjöfnunargjalds og rekstrarstyrkja.
5. Tillögugerð vegna ákvörðunar um árlegt greiðslumark í mjólkurframleiðslu.
6. Eftirlit með innheimtu ýmissra félagsgjalda afurðastöðvanna (SI/SA).
7. Umsjón og samræming á reglum um opinbera viðmiðun um mjólkurgæði.
8. Gæta sameiginlegra hagsmuna afurðastöðva vegna setningar ýmissra laga og reglugerða sem snerta starfsskilyrði fyrirtækjanna.
9. Upplýsingaöflun og úrvinnsla gagna vegna verðlagningar mjólkur og þátttaka í störfum Verðlagsnefndar búvöru. Umsjón með útreikningi á verðlagsmódeli vinnslukostnaðar og umsjón með gerð verðskrár mjólkurvara.
10. Þátttaka í ýmsum nefndum á vegum hins opinbera vegna ýmissra hagsmunapátta sem snúa að innlendum og erlendum samningum.
11. Árlegt uppgjör mjólkur og útflutnings á smjöri innan greiðslumarks.

**UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2004/2005** Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2004/2005 fór fram skv. venju. Uppgjörið var staðfest 2. nóvember 2005. Þetta er 12 mjólkuruppgjórið sem fram fer eftir að ábyrgð ríkissjóðs á afsetningu mjólkur féll niður. Nánar er gerð grein fyrir uppgjörinu í ársskýrslunni.

**ERLEND SAMSKIPTI** Aðalfundur alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtakanna – IDF - var að þessu sinn haldinn í Vancouver í Kanda. Fulltrúar úr mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðendur voru á fundinum. Málefni ráðstefnunnar snerti ýmsa málaflokka mjólkurframleiðslu, vísinda og tækni, stefnumál, sölu og markaðsmálefni mjólkur og hagfræði og þ.m.t. málefni sem snerta WTO - samninga. Erindin voru mörg hver athyglisverð og bersýnilega kom í ljós að hinar einstöku þjóðir reyna að halda á lofti sérstöðu sinni sér til stuðnings og varnar m.a. í tengslum við alþjóðasamninga um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Vegna forfalla eins aðildarlands var ekki haldinn fundur í NORDISK BRANSJEMÖTE þetta árið. Ákveðið var að boða til fundar á Íslandi á komandi sumri 2006.

**ÝMIS VERKEFNI FYRIR STJÓRN SAM OG AFURÐASTÖÐVAR** Ýmis sértæk viðfangsefni koma hverju sinni til úrlausnar og vinnslu starfsmanna SAM og á árinu 2005 var engin undantekning þar á. Þetta eru ýmis málefni sem flest snerta heildarhagsmuni greinarinnar. Einnig eru ýmis viðfangsefni sem koma til úrlausnar sem snúa að starfsemi einstakra félaga innan SAM. Mjólkuriðnaðurinn er í miklum breytingum um þessar mundir og má vænta að svo verði áfram næstu árin. Því má búast við að mörg og ólík viðfangsefni verði í vinnslu og umsjá

samtakanna á komandi árum. Mikilvægt er að gæta hagsmuna greinarinnar í heild sinni því víða er að henni sótt um þessar mundir og verður vafalaust áframhald þar á.

Ég vil þakka stjórn og starfsmönnum SAM, starfsfólki afurðastöðva og öðrum samstarfsaðilum, gott samstarf á árinu 2005.

*Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri*